

REGLUGERÐ

fyrir Seðlabanka Íslands.

I. KAFLI

Skipulag bankans og hlutverk.

1. gr.

Seðlabanki Íslands (á ensku the Central Bank of Iceland) er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum hans og þessari reglugerð.

Seðlabanki Íslands (hér á eftir nefndur Seðlabankinn) tekur við öllum eignum og skuldbindingum Landsbanka Íslands, Seðlabankans. Af stofnfé og varasjóðum Landsbanka Íslands, Seðlabankans, skulu 100 millj. kr. teljast stofnsjóður Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmestan hátt;
2. að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við;
3. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum;
4. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál;
5. að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum;
6. að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt, sem varðar hlutverk hans;
7. að annast önnur verkefni, sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka.

4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

II. KAFLI

Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

5. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er bókhaldslega aðskilin deild í Seðlabankanum. Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að veita fyrirtækjum, er stunda sjávarútveg stofnlán gegn veði í eignum þeirra.

Stofnlánadeildin starfar samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum.

III. KAFLI

Seðlaútgáfa og mynt.

6. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla eða annan gjaldmiðil, er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

Seðlar þeir, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Ráðherra sá, sem fer með bankamál, ákveður samkvæmt tillögu Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra, sem bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni.

7. gr.

Seðlabankinn skal stefna að því að eiga ávallt á móti að minnsta kosti helmingi seðlamagnsins, sem í umferð er, gulleign, innstæður eða aðrar auðseldar og óbundnar eignir í erlendum gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er. Skal bankinn birta mánaðarlega í Lögbirtingablaðinu skýrslur um það, hve miklum hluta seðlavelturnar þessi trygging nemi.

8. gr.

Á hvern seðil skal prenta númer á tveim stöðum, svo og nöfn tveggja bankastjóra eftir eigin handskrift.

9. gr.

Bankastjórn Seðlabankans skal sjá um, að ætíð sé til nægur forði seðla.

10. gr.

Seðlarnir og allt það, er viðvíkur seðlagerðinni, skal geymt í aðalpeningahirzlu bankans, sbr. 79. gr., nema það sem falið er til öruggrar geymslu erlendis.

11. gr.

Minnst einu sinni á hverjum ársfjórðungi skal forstöðumaður endurskoðunardeildar og endurskoðandi bankaráðs rannsaka seðlafúlguna ásamt bankastjóra eða trúnaðarmanni bankastjórnar og gefa bankaráði skýrslu um skoðunina.

12. gr.

Seðlabankinn innleysir skemmda seðla með þeim hætti, að sjáist bæði númer seðilsins, greiðist hann að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, greiðist hálfð verð hans, enda fylgi að minnsta kosti fjórðungur seðilsins.

Seðlar, sem eru svo skaddaðir að hvorugt númer sjáist, verða ekki innleystir.

13. gr.

Ónýting seðla fer fram eftir reglum, sem bankastjórnin setur. Forstöðumaður endurskoðunardeildar og trúnaðarmaður bankastjórnar skulu fylgjast með ónýtingu seðla undir eftirliti endurskoðanda bankaráðs.

14. gr.

Til þess að fyrir hendi sé nægur forði seðla er bankastjórninni heimilt, að höfðu samráði við bankaráð, að láta einum banka eða sparisjóði í hverjum landshluta eða stærri byggðalögum í té seðlageymslu. Skulu seðlarnir geymdir í sjálfstæðum, traustum geymslum, sem ekki verða opnaðar, nema með tveim lyklum samtímis. Annar lykilhafinn skal vera trúnaðarmaður Seðlabankans, sem bankastjórnin velur, en hinn forstöðumaður eða féhirðir viðkomandi banka eða sparisjóðs. Þessir

aðilar mega þó tilnefna varamenn sína, en útnefning þeirra er háð samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Bankastjórnin setur nánari reglur um umgengni og notkun seðlageymslanna. Allur kostnaður af seðlageymslunum, svo og þóknun trúnaðarmanna Seðlabankans, skal greiddur af banka þeim eða sparisjóði, sem geymslu hefur. Forstöðumaður endurskoðunardeildar og endurskoðandi banka-ráðsins ásamt bankastjóra eða trúnaðarmanni bankastjórnar skulu reglulega kanna seðlafúlgu í seðlageymslu og a. m. k. einu sinni á ári.

IV. KAFLI

Innlend viðskipti Seðlabankans og eftirlit með bankastarfsemi.

A. Innlán.

15. gr.

Seðlabankinn tekur við fé til ávöxtunar í hlaupareikningi, innlánssskírteini eða aðra innlánsreikninga eftir ákvörðun bankastjórnarinnar frá bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

16. gr.

Eigendur innlánsreikninga skulu segja fyrir um skriflega, hvaða aðili sé bær til að hefja fé úr reikningum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandarsýnishorn hans. Sé þetta ekki gert, ber bankinn eigi ábyrgð á heimildarlausri úttekt.

17. gr.

Beiðnir um færslur á reikningum, sem berast bankanum í símskeyti, skulu því aðeins teknar til greina, að þær berist í staðfestu símskeyti, eða símskeyti, sem rekja má til bærs aðila með símskeytalykli.

18. gr.

Greiði bankinn falsaðan tékka, eða tékka, sem gefinn hefur verið út án heimildar, skal reikningseigandi bera tjónið, nema augljósu gáleysi starfsmanna bankans sé um að kenna.

19. gr.

Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af viðskiptareikningi til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slík skuldafærsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust. Heimildar þessarar skal getið í viðskiptaskilmálum bankans.

20. gr.

Reikningseigendum skulu send reikningsyfirlit reglulega og staðfestingar þeirra aflað.

B. Útlán.

21. gr.

Seðlabankinn veitir bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum lán gegn tryggingu, sem bankastjórnin metur gilda.

Útlánastarfsemin skal einkum fólgin í því:

- a) að kaupa innlenda víxla og ávísanir;
- b) að kaupa innlend verðbréf.
- c) að veita yfirdrátt á hlaupareikningi gegn handveði;
- d) að veita önnur lán gegn handveði.

22. gr.

Seðlabankinn veitir bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum lán gegn ríkistryggðum verðbréfum, svo og öðrum tryggum verðbréfum, sem banka-stjórnin tekur gild. Þegar kaupþingsviðskipti eru hafin, skal einkum lánað út á þau bréf, sem þar verða skráð. Lánin skulu ekki nema meiru en $\frac{2}{3}$ af skráðu verði þeirra á viðurkenndu kaupþingi eða gangverði þeirra að mati bankastjórnarinnar. Lán þessi skulu veitast til ákveðins tíma, að jafnaði ekki lengur en 90 daga. Ef banka-stjórnin samþykkir framlengingu slíkra lána umfram 90 daga, hækka vextirnir um a. m. k. $\frac{1}{2}\%$ á ári.

23. gr.

Seðlabankinn endurkaupir víxla með veði í afurðum frá bönkum og sparisjóð-um. Skulu víxlarnir ávallt vera með sjálfskuldarábyrgð þess banka eða sparisjóðs, sem selur víxlana. Bankastjórnin ákveður, hversu mikið og til hve langs tíma lánað er út á einstakar afurðir, en víxlarnir skulu án undantekningar og í síðasta lagi greiddast upp, er afurðirnar eru seldar. Ef afurðaveð bregzt, það ferst, reynist ófull-nægjandi eða er ekki fyrir hendi, skal banki sá eða sparisjóður, sem í ábyrgð er fyrir víxli, þegar í stað innleysa hann.

24. gr.

Óumsamin skuldasöfnun á viðskiptareikningi banka eða sparisjóðs er óheimil. Eigi hún sér samt stað, getur bankastjórnin útilokað viðkomandi stofnun frá aðild í greiðslujöfnunarkerfi bankans.

25. gr.

Bankastjórnin tekur ákvarðanir um lánveitingar.

26. gr.

Þegar lán er veitt eða framlengt, skulu tveir bankastjórar árita lánsskjölin, áður en lán er afgreitt. Í árituninni skal taka fram um vaxtakjör og endurgreiðslu-skilmála. Við fjarveru tveggja bankastjóra er bankastjórninni heimilt að fela starfs-manni með A eða B umboði, sjá 59. gr., að árita lánsskjöl ásamt einum bankastjóra.

Enn fremur er bankastjórninni heimilt að fela starfsmanni með A umboði, um stundarsakir, í fjarveru allra bankastjóranna, að samþykkja lánveitingu eða fram-lengingu láns, enda sé um venjuleg útlán að ræða, sem bankastjórnin hefur sett reglur um. Með áritun starfsmannsins fylgi áritun annars starfsmanns, sem hafi A eða B umboð.

27. gr.

Að jafnaði skal Seðlabankinn taka forvexti af lánum.

28. gr.

Endurgreiddir vextir af reglulegum lánaflökkum skulu, ef lán er greitt fyrir gjalddaga, vera a. m. k. $\frac{1}{2}\%$ lægri á ári en útlánsvextirnir nema.

C. Bankaeftirlitið, fyrirmæli um innlánsbindingu og vexti.

29. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, inn-lánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hvernar þeirrar stofnunar ann-arrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans.

30. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með því, að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Skal fulltrúi þess koma í þær til eftir-

lits svo oft sem þurfa þykir, en þó aldrei sjaldnar að jafnaði en annað hvert ár. Einnig skal því heimilt að gera athugasemdir, ef það telur hag eða rekstur stofnunar óheilbrigðan, og skulu slíkar athugasemdir tilkynntar bankamálaráðherra þegar í stað. Gagnvart sparisjóðum tekur bankaeftirlitið við þeim störfum, sem sparisjóðs-eftirlitinu eru falin með lögum um sparisjóði, nr. 69/1941.

Skýlt er innlánsstofnunum að láta bankaeftirlitinu í té reikninga sína og aðrar upplýsingar í því formi og svo oft sem óskað er. Einnig er bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka bókhald og eignir innlánsstofnana, þ. á m. sjóð og verðbréf, hvenær sem ástæða þykir til. Sömuleiðis skal bankaeftirlitið reglulega ganga úr skugga um, að vixlar og skuldabréf innlánsstofnana séu stimpluð lögum samkvæmt.

31. gr.

Seðlabankinn hefur vörzlu og stjórn tryggingarsjóðs sparisjóða, sbr. 17. gr. laga nr. 69/1941, enda fer um endurskoðun reikninga hans eftir ákvæðum VIII. kafla reglugerðar þessarar. Innborgað fé sjóðsins skal aðallega ávaxtað í Seðlabankanum á hæstu innlánsvöxtum, sem hann greiðir hverju sinni.

32. gr.

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 29. grein, svo og aðrar opinberar lánsstofnanir og fjárfestingasjóðir, skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankinn getur ákveðið, að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 29. gr., skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 20% af því innstæðufé hjá viðkomandi stofnun, sem ávísa má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum. Seðlabankinn getur innan þessara hámarka breytt þessu hlutfalli, þegar ástæða þykir til, en sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 2. málsgrein.

Valdi flutningur innstæðna vegna framkvæmdar 1. eða 2. málsgreinar í upphafi erfiðleikum fyrir ákveðnar innlánsstofnanir, skal Seðlabankinn leitast við að leysa úr því, m. a. með því að yfirtaka samtímis af viðkomandi stofnun verðbréf eða aðrar eignir, sem hann metur gildar. Seðlabankinn skal veita hæfilegan frest til að fullnægja innstæðubindingu, og aldrei skemmri tíma en fjórar vikur.

33. gr.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða, að innlánsstofnanir, sem um ræðir í 29. grein, skuli eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Einnig ákveður hann, hvaða verðbréf skuli metin gild í þessu skyni. Þegar komin eru á regluleg kaupþingsviðskipti, skulu yfirleitt ekki önnur verðbréf metin gild en þau, sem þar eru skráð, og skal þá miða við verðmæti þeirra við markaðsgengi.

34. gr.

Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 29. grein, mega reikna af innlánnum og útlánnum. Nær þetta vald einnig til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960. Vaxtaákvæðanir skulu birtar í Lögbirtingablaði. Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar,

framlengingargjalda eða annarra gjalda umfram beinan útlagðan kostnað, sem jafngildir vöxtum að áliti Seðlabankans.

35. gr.

Seðlabankinn skal beita sér fyrir sem viðtækastri samvinnu innlánsstofnana. Skal hann gangast fyrir fundum forstöðumanna innlánsstofnana, hvenær sem ástæða þykir til.

36. gr.

Til hagræðis fyrir innlánsstofnanir, einkum þær, sem eru utan kaupstaða, skal Seðlabankinn leitast við að láta í té fyrirgreiðslu, t. d. með leiðsögn í bókhaldi og öðru varðandi skipulag bankastarfsemi. Einnig getur bankaeftirlitið veitt aðstoð við frágang og prentun eyðublaða, enda greiði innlánsstofnanirnar allan beinan kostnað í þessu sambandi.

D. Önnur viðskipti.

37. gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Skulu allar innstæður ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana, sem eru á fjárlögum, svo og opinberra sjóða, geymdar í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið. Þurfi að eiga sér stað verulegar tilfærslur á innstæðum vegna þessa ákvæðis, skal Seðlabankinn leitast við að tryggja, t. d. með verðbréfakaupum á móti, að þær valdi ekki viðkomandi innlánsstofnunum erfiðleikum.

Heimilt er Seðlabankanum að veita ríkissjóði lán til skamms tíma, enda skal að því stefnt, að slík lán greiðist upp í lok hvers fjárhagsárs.

38. gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf fyrir eigin reikning, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfavíðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing, þar sem verzlað yrði með vaxtabréf og hlutabréf samkvæmt reglum, sem bankastjórnin setur og ráðherra staðfestir.

39. gr.

Seðlabankinn getur annast kaup og sölu verðbréfa og hlutabréfa fyrir ríkissjóð, banka og sparissjóði og aðrar peningastofnanir, svo og vörzlu þeirra fyrir sömu aðila.

40. gr.

Seðlabankinn skal starfrækja greiðsluþöfnunarkerfi til að auðvelda ávísanaviðskipti og vinna á annan hátt að því að greiða fyrir peningagreiðslum innanlands.

41. gr.

Seðlabankanum er heimilt að taka til ávöxtunar erlendan gjaldeyri opinberra aðila og einkaaðila, sem aflað hefur verið lögum samkvæmt og viðkomandi aðila er heimilt að eiga samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma um meðferð erlends gjaldeyris.

42. gr.

Seðlabankinn getur annast alls konar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hérlendis og erlendis.

43. gr.

Seðlabankinn getur tekizt á hendur ábyrgðir um stuttan tíma utanlands og innan gegn tryggingum, jafngóðum og um lán væri að ræða.

Ábyrgðin er einföld, nema annað sé tekið fram.

44. gr.

Seðlabankinn tekur við geymslufé (depositum) viðskiptavina sinna og annast fyrir þá umsjón og varðveislu eigna.

45. gr.

Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankaviðskipti, sem samrýmanleg geta talizt hlutverki hans um seðlabanka.

Seðlabankinn skal yfirleitt hvorki skipta við almenning né keppa um viðskipti við aðrar lánsstofnanir.

V. KAFLI

Gengismál og erlend viðskipti.

46. gr.

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

47. gr.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum og í gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er.

48. gr.

Rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri hafa auk Seðlabankans Landsbanki Íslands og Útvegshbanki Íslands. Heimilt er bankastjórn Seðlabankans að fengnu samþykki ráðherra að leyfa öðrum bönkum, svo og pósthjórninni, að verzla með gjaldeyri innan takmarka, sem hún ákveður.

49. gr.

Seðlabankinn kaupir og selur trygga víxla, ávísanir og tékka á útlönd. Enn fremur erlenda seðla og skiptimynt.

50. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki og ákveður bankastjórnin öll atriði, er snerta reikningsviðskipti við erlenda þjóðbanka, sem skipt er við á grundvelli opinberra greiðslusamninga.

51. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum reikningsviðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Seðlabankinn skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur og taka að sér framkvæmd í þeim efnum, eftir því sem um verður samið.

52. gr.

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

Seðlabankinn er undanþeginn ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, að því er varðar lán skv. 1. og 2. málsgrein.

VI. KAFLI

Hagskýrslugerð.

53. gr.

Seðlabankinn starfrækir hagfræðideild, er safnar skýrslum og gerir áætlanir um greiðslujöfnuð, gjaldeyris- og peningamál, og annað, sem hlutverk bankans varðar, og skal hún birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Einnig skal hagfræðideildin vinna að annarri skýrslugerð og athugunum varðandi efnahagsmál og þar á meðal taka að sér þau verkefni á því sviði, sem ríkisstjórnin kann að fela henni. Í þessum efnum skal hagfræðideildin hafa nána samvinnu við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem að hliðstæðum verkefnum vinna.

Skýlt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta hagfræðideild Seðlabankans í té þær upplýsingar, sem hún þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar.

VII. KAFLI

Stjórn bankans.

54. gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum og reglugerð þessari. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

A. Bankastjórn.

55. gr.

Bankastjórn Seðlabankans er skipuð þremur bankastjórum, sem ráðherra skipar að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórnin kys sér formann til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir, getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann í hans stað á meðan.

Ekki mega bankastjórar vera í stjórn annarra peningastofnana eða fyrirtækja eða gegna öðrum störfum, sem ekki má skoða í beinum tengslum við starf þeirra við bankann, nema samþykki ráðherra komi til.

56. gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans, og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum bankans eða þessari reglugerð.

Bankastjórnin heldur fundi með sér svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjórnanna óskar þess.

57. gr.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, að undanteknum aðalféhirði og forstöðumanni endurskoðunardeildar, og segir þeim upp starfi. Hún segir þeim fyrir um skyldur þær, er á þeim hvíla, og um störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

58. gr.

Bankastjórnin skal gefa út erindisbréf til yfirmanna bankans og deildarstjóra, sem greini frá verksviði þeirra og starfi. Slík erindisbréf eru afturkallanleg eða háð breytingum, þegar bankastjórnin ákveður, enda eru allir starfsmenn skuldbundnir til að vinna störf, sem bankastjórnin segir fyrir um.

59. gr.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til allra meiri háttar ráðstafana í nafni bankans, svo sem til útgáfu seðla, sölu og veðsetningar eigna bankans o. fl.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann svo sem ef gefa skal út eða framselja víxla eða önnur verðbréf. Bankaráðið getur þó veitt tilteknum starfsmönnum svokallað A umboð, sem heimilar þeim að skuldbinda bankann samkvæmt þessari málsgrein ásamt einum bankastjóra.

Hvers konar útborgunarfyrirmæli til gjaldkera t. d. fyrir kostnaði eða öðrum útgjöldum skulu árituð annað hvort af tveimur bankastjórum eða einum bankastjóra ásamt einum starfsmanni með A eða B umboð eða starfsmanni með A umboð ásamt starfsmanni með B umboð.

Bankaráðið getur loks veitt tilteknum starfsmönnum svokallað B umboð, sem heimilar þeim að skuldbinda bankann í öðrum málefnum en þeim, sem greind eru í 1.—3. málsgr. ásamt bankastjóra eða starfsmanni með A umboði.

60. gr.

Ráðherra getur, að fengnu álitu bankaráðs, vikið bankastjóra frá starfi. Ráðherra skal gera skriflega grein fyrir ástæðum fyrir uppsögninni, og skal bankastjóri eiga rétt á fullum launum í eitt til þrjú ár, svo og á eftirlaunum eftir 65 ára aldur, er nemi að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutum launa, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Segi bankastjóri upp starfi, skal hann njóta launa í allt að eitt ár, svo og eftirlauna samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Ráðherra er einnig heimilt að víkja bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi.

B. Bankaráð.

61. gr.

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

62. gr.

Bankaráð hefur yfirlit og stjórn yfir starfsemi Seðlabankans og skal bankastjórnin hafa náð samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt, svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varða, svo sem um gengisákvæðanir skv. 46. gr., vexti og innlánsbindingu. Enn fremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans og þróun gjaldeyris- og peningamála.

63. gr.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfsmánadaglega. Bankastjórnin undirbýr fundi bankaráðs ásamt bankaráðsformanni. Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema þegar rætt er um mál, er varða þá sjálfa.

64. gr.

Fundir bankaráðs eru lögmatir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók. Þeir, sem heimild hafa til setu á fundum bankaráðs, geta krafizt bókunar á athugasemdum og ágreiningsálitum sínum.

65. gr.

Verkefni bankaráðs eru auk þeirra, sem um getur í 62. gr.:

- a) að gera tillögur til ráðherra um ráðningu bankastjóra og erindisbréf þeirra;
- b) að ákveða laun, svo og eftirlaun bankastjóra, sbr. þó 60 gr.;
- c) að ráða aðalféhirði, forstöðumann endurskoðunardeildar og hinn sérstaka bókhaldsfróða endurskoðanda, skv. 68. gr., og setja þeim erindisbréf;
- d) að setja reglugerð um laun starfsmanna bankans, svo og hins sérstaka endurskoðanda, skv. 68. gr.;
- e) að setja reglugerð um eftirlaunasjóð starfsmanna bankans;
- f) að gera tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur;
- g) að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann með undirskrift sinni, sbr. reglur 59. gr.;
- h) að gera ályktanir um þau mál, sem bankastjórnin leggur fyrir bankaráðið.

VIII. KAFLI

Reikningsskil og endurskoðun.

66. gr.

Starfsár Seðlabankans er almanaksárið. Ársreikningar bankans skulu samdir svo fljótt sem auðið er eftir árslok. Að lokinni endurskoðun skulu þeir staðfestir af bankaráði og úrskurðaðir af ráðherra. Skulu reikningarnir síðan birtir í árs-skýrslu bankans og Stjórnartíðindum. Bankinn skal enn fremur birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit. Reikningurinn og hin mánaðarlegu yfirlit skulu vera það sundurliðuð, að þau sýni glögga mynd af hag bankans.

67. gr.

Af tekjum ársins skal greiða allan rekstrarkostnað, svo og tap, sem bankinn hefur orðið fyrir á árinu.

Af tekjuafgangi þeim, sem þá er eftir, skal greiða 5% arð af stofnfé bankans, sbr. 1. gr., enda nemi arðgreiðsla aldrei hærri upphæð en helmingi tekjuafgangsins. Bankaráð getur þó eftir tillögu bankastjórnar ákveðið hærri arðgreiðslu, ef aðstæður leyfa. Þeim hluta tekjuafgangsins, sem ekki er greiddur sem arður, skal bankaráð ráðstafa til varasjóða bankans og deilda hans eftir tillögu bankastjórnarinnar.

Arður sá, sem greiddur er af stofnfé samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar, rennur í sérstakan sjóð, sem Seðlabankinn varðveitir, en hálfar árlegar tekjur sjóðsins skulu renna til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51/1957, um Vísindasjóð.

68. gr.

Bankaráð ber ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans, og skal sérstök endurskoðunardeild starfa við bankann undir umsjón þess. Auk þess skal formaður bankaráðs og í forföllum hans varaformaður, ásamt sérstökum bókhaldsfróðum endurskoðanda, sem til þess er ráðinn af bankaráði, fylgjast með framkvæmd endurskoðunar og rannsaka reikninga bankans, og bera saman við þækurnar og við sjóð hans og eignir. Sjálfar þækurnar og færslur á þeim skulu þeir einnig rannsaka, ef þeim þykir ástæða til. Enn fremur skulu þeir sannreyna fyrirvaralaust að minnsta kosti ársfjórðungslega, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt á óákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé undir höndum eða heimild til að ávísa á

kostnaðarreikninga, hvort það fé er í sjóði eða reikningi, sem þar á að vera. Verði þeir þess varir, að vanræksla eigi sér stað eða þörf endurbóta, skulu þeir tilkynna það bankaráðinu á fundi þess og gera tillögur um endurbætur.

Formaður bankaráðsins ákveður nánari framkvæmd við eftirlit bankaráðsins, skv. 1. málsgrein, þ. á m. um verkaskiptingu þeirra, sem við það starfa.

69. gr.

Hin sérstaka endurskoðunardeild bankans skal framkvæma hina daglegu endurskoðun í bankanum. Skal haga starfi deildarinnar þannig að lokið sé endurskoðun allra daglegra og venjulegra færslna næsta vinnudag á eftir, að þær hafa farið fram. Forstöðumaður og starfsfólk deildarinnar skal eingöngu vinna að endurskoðunarstörfum, samhliða störfum við bankaeftirlitið, ef henta þykir.

70. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar á bókum bankans skulu þannig gerðar, að glöggst sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

IX. KAFLI

Sérréttindi bankans.

71. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til rikissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

Bækur bankans, ávisanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

72. gr.

Þegar selja skal fasteign eða skrásett skip á opinberu uppboði, ber uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Seðlabankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo er, skal bankanum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að gæta hagsmuna hans við uppboðið.

73. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu meðan það stendur þar.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

74. gr.

Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerð, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Skulu þeir undirrita drengskaparheit um þagnarskylduna í upphafi starfs. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.

75. gr.

Um leið og drengskaparheit er unnið, skulu allir starfsmenn undirrita heit um það, að þeir muni gegna störfum sínum fyrir bankann með árvekni og samvirkusemi.

76. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins gildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er fengið hafa umboð til slíkra undirskrifa.

77. gr.

Útskrift úr viðskiptareikningi við bankann er fullkomin sönnun fyrir tilvist skuldar og jafngildir beinni skuldaviðurkenningu.

78. gr.

Aðalféhirðir ber ábyrgð á þeim fjármunum, sem honum er trúað fyrir. Hann ber og ábyrgð á störfum þeirra, sem í forföllum hans annast störf aðalféhirðis, enda séu þeir til starfanna valdir með samþykki hans.

79. gr.

Í aðalpeningahirzlu bankans skal læsing vera þannig gerð, að ekki verði henni lokið upp nema með tveimur lyklum, sem ekki eru eins. Hefur bankastjórnin eða trúnaðarmaður hennar annan lykilinn, en aðalféhirðir hinn, og verða þeir ávallt að vera tveir við, meðan féhirzlan er opin.

Þegar eitthvað er tekið úr aðalpeningahirzlu eða í hana látið, skal það jafnan ritað í þar til ætlaða bók, og skal bókin undirrituð af þeim, sem lyklana hafa.

80. gr.

Allir varalyklar skulu annað hvort geymdir í hirzlum, sem tveir mismunandi lyklar ganga að eða tveim hirzlum með mismunandi læsingum, svo að aldrei geti einn maður haft aðgang að varalyklunum.

81. gr.

Starfsmenn bankans mega ekki án leyfis bankastjórnar taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

82. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan vinnutíma, þegar þess er þörf.

83. gr.

Starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

84. gr.

Bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans mega ekki vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

85. gr.

Nú fullnægir banki, sparisjóður eða aðrar þær stofnanir, sem greinir í 29. gr., ekki þeirri skyldu að leggja inn á reikning á tilskildum tíma hjá Seðlabankanum þá fjárhæð, sem bankinn hefur úrskurðað bindingarskylda samkv. ákvæðum 32. gr., og er bankastjórninni þá heimilt að krefjast, með viku fyrirvara, allt að 2% refsivaxta á mánuði af þeirri fjárhæð, sem á vantar. Bankastjórnin getur látið færa refsivextina til skuldar á viðskiptareikning aðilja hjá Seðlabankanum, eftir því sem þeir falla til.

86. gr.

Nú vanrækir banki, sparisjóður eða þær stofnanir aðrar, sem greinir í 29. gr., að láta í té þær upplýsingar, sem bankaeftirlit eða hagfræðideild á rétt á að fá

samkv. 30., 34. og 53. gr. eða hlita fyrirmælum, sem bankastjórnin setur samkv. ákvæðum þessara greina eða annarra greina reglugerðarinnar, og getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, þá úrskurðað aðilja dagsektir allt að 5000 krónur til Seðla-bankans samkvæmt tillögu bankastjórnar. Slíkur úrskurður er aðfarahæfur.

87. gr.

Komi til þess, að bankastjórnin beiti þeim viðurlögum, sem heimiluð eru í 85. og 86. gr., skal stjórn og endurskoðendum þeirrar stofnunar, sem í hlut á, þegar tilkynnt um það, en bankaeftirlitinu ber jafnframt að rannsaka sem fyrst bókhald og eignir stofnunarinnar.

88. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 10/1961 og lögum nr. 20/1962, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 24. maí 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Oddur Guðjónsson.

Nr. 53.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1961.

A. Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Hluti af söluskatti	kr. 70916800.00
2. Vextir	— 7442.32

Kr. 70924242.32

Gjöld:

1. Framlög til sveitarfélaganna	kr. 69954357.00
2. Styrkur til sveitarfélaga	— 455000.00
3. Kostnaður	— 20.00
4. Tekjuafgangur	— 514865.32

Kr. 70924242.32

B. Efnahagsreikningur.

Eignir:

1. Bankar:	
a. Seðlabankinn (hlr. 2531)	kr. 1043896.61
b. Sparisjóður (L. Í. 3365)	— 66654.28
	kr. 1110550.89
2. Skuldir sveitarfélaga	— 5000.00
3. Skuldabréf	— 32000.00
4. Lán Kaldrananeshrepps	— 30000.00
5. Innbú og bækur	— 29575.57

Kr. 1207126.46